

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal 2016

haldinn í Brúarásskóla, laugardaginn 16. apríl kl. 14.

Dagskrá:

1. Erindi gesta fundarins:
 - Erindi Þrastar Elliðasonar, fyrirsvarsmanns Strengja ehf. leigutaka.
 - Erindi Guðna Guðbergssonar, sviðsstjóra hjá Veiðimálastofnun.
 - Erindi Guðna Magnúsar Eiríkssonar, sviðsstjóra lax- og silungsveiði hjá Fiskistofu.
2. Kynning arðskrárnefndar á vinnu við gerð arðskrár
3. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum
4. Skýrsla stjórnar
5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar
6. Umræður um skýrslu og reikninga
7. Fjárhagsáætlun næsta árs
8. Kosningar:
 - a. Kosning formanns til þriggja ára
 - b. Kosning 3ja varamanna til eins árs
 - c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs.
 - d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara. Nefndin hafi það hlutverk að fara yfir atkvæði fundarmanna og umboð, á veiðifélagsfundum.
 - e. Kosning arðskrárnefndar. Fimm aðalmenn og tveir til vara. Nefndin hafi það hlutverk að vinna að gerð arðskrár.
9. Önnur mál

Formaður setti fund kl. 14.00 og bauð fundarmenn velkomna. Hann gerði tillögu um starfsmenn fundarins: Jón Guðmundsson sem fundarstjóra og Skúla Björn Gunnarsson sem ritara. Fundurinn samþykkti það. Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og kannaði lögmæti hans. Síðan var gengið til dagskrár.

1. Erindi gesta

Þröstur Elliðason Strengjum

Þröstur fór yfir veiðitölur og sleppingar frá sumrinu 2015. Veiðiárið var gott og það besta á heildina litið frá upphafi þrátt fyrir að ástundun hafi ekki verið nóg. Hann fór síðan yfir veiðisvæðið frá ósum og upp úr í veiði og sleppingum og tók Fögruhlíðarána með. Hann sagði horfur fyrir árið í ár vera nokkuð góðar, bæði hvað varðaði bókanir og veiði. Beint flug milli London og Egilsstaða hefði komið hreyfingu á breska markaðinn og það hefði því ekki verið gott þegar tilkynnt var um fækkun þeirra fluga.

Guðni Guðbergsson, Veiðimálastofnun

Guðni rakti helstu tölur varðandi þróun laxveiði á Íslandi og krappar sveiflur í laxveiði síðustu árin. Norðausturhornið hefur orðið illa úti og þar er endurheimtuhlutfallið miklu lélegra heldur en annars staðar. Hann kom inn á að mælingar síðasta sumar hefði sýnt að vatnið í Jöklu væri áfram basískt þrátt fyrir gosið í Holuhrauni. Mikil snjóbráð í fjöllum síðustu árin hefur gert það að verkum að meðalhitastig veiðiáa hefur lækkað töluvert sem hefur veruleg áhrif á vöxt seiða. Vöxtur seiða var því lítill 2015 en fjöldi eins árs lax úr sjó í veiði í fyrra veit á tveggja ára laxa á komandi sumri. Verri horfur eru

með eins árs lax. Laxaseiðin í Jöklu virðast hafa það mjög gott og eru bæði með ryk og bitmýi í maga.

Nokkrar umræður urðu eftir erindi Guðna. Arnór spurði um hindrun við Hólaflúð. Guðni sagðist telja skynsamlegt að bíða og sjá hvað gerðist því að hiti og rennsli í ánni hefði verið óvenjulegt síðustu sumur.

Pröstur spurði hvort það stefndi í það sama með Norðuausturhornið og árin upp úr 1980 þegar laxveiði þar minnkaði vegna sjávarkulda. Guðni taldi að það væri nú ekki alveg víst því ýmsar vísbendingar væru í hafinu um að kólnunin væri að minnka, t.d. væri góð grásleppuveiði núna.

Guðmundur Óla spurði um hvort hægt væri að greina á hreistursýnum um hvort væri að ræða hrygningu úr ánni eða sleppingu. Guðni sagði erfitt að segja til um það vegna veturalinna seiða.

Gunnar Gutt. spurði hvort að væri einhver skýring á því að fiskur væri ekki kominn ofar en í Arnórsstaðahvamm. Guðni sagði að það væri ef til vill þéttleikinn, að ekki væri þörf fyrir laxinn að fara ofar þegar nóg pláss væri fyrir hann neðar.

Arnór spurði um hvort væru einhver hæðarmörk varðandi fiskgengd í ám. Guðni sagði að það væri ekki samkvæmt fræðunum en margt spilaði inn í þetta, hitastig, lengd ár og fleira. En í öðrum löndum væru þekktar 1000 km langar laxveiðiár og upp í mörg hundruð metra hæð yfir sjávarmáli.

Guðni Magnús Eiríksson, Fiskistofu

Guðni Magnús byrjaði á að fara yfir hlutverk veiðifélaga en ábyrgð á skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu var aukin á félögin sjálf með lagasetningu 2006. Hann sagði að fiskræktaráætlun væri það sem þyrfti að vinna eftir og þeim væri skilað inn til Fiskistofu sem færi yfir þær og gerði sínar athugasemdir.

Hann fór síðan yfir hvað „fiskihverfi“ þýddi samkvæmt lögunum, að það væri vatnasvið sem sömu fiskistofnar færu um. Yfirleitt væri aðeins eitt veiðifélag yfir hverju fiskihverfi í samræmi við lög. Sumstaðar væru hins vegar enn starfandi sjálfstæð veiðifélög á sama vatnasviði en það ætti sér sögulegar skýringar þar sem önnur lög hefðu gilt þegar þau voru stofnuð.

Guðni Magnús fór síðan yfir félögin við Jöklu eins og þau eru skráð hjá Fiskistofu. Veiðifélag Jökulsár á Dal hefði verið stofnað 2007 sem sérstakt veiðifélag eftir að Veiðifélag Fljótsdalshérað var klofið niður í tvö sjálfstæð félög. Í samþykkt fyrir Veiðifélag Kaldár frá 2007 kemur fram að það sé deild innan Veiðifélags Jökulsár á Dal. Í samþykktum Veiðifélags Laxár frá 2009 kemur hins vegar ekki fram að það sé deild og því verði að líta á það sem sjálfstætt veiðifélag. Það taldi hann afar sérstakt því að hann sæi ekki eðlismun á Laxá og Kaldá.

Guðni Magnús sagði að þar sem væru deildir væri mjög mikilvægt að þær störfuðu undir aðalveiðifélaginu og þar væri samráðsvettvangurinn. Það hefði ekki gefið góða raun að stofna sérstakar deildir eða sjálfstæð veiðifélög þar sem hefðu komið upp deilur og sjaldnast orðið til annars en magna deilurnar. Hann sagði það sína skoðun að ef menn væru í dag að byrja á núllpunkti hér þá væri best að skrifa deildaskiptingu Laxár og

Kaldár inn í samþykktir Veiðifélags Jökulsár á Dal en ekki vera með sérstakar samþykktir fyrir deildirnar.

Guðni Magnús kom inn á að sér væri kunnugt um að stofnað hefði verið Hagsmunafélag landeigenda neðan Steinboga en það hefði ekki borist erindi til Fiskistofu um stofnun veiðifélags. Hann sagði æskilegast að menn leystu deilumál innan félagsins og hann væri reiðubúinn að aðstoða við það eftir föngum.

Í umræðum eftir erindi Guðna Magnúsar var rætt um deildaskiptinguna og fleira. Vilhjálmur Snædal spurði hann líka um slyssaleppingar úr sjókvíaeldi og hvers vegna menn teldu stafa ógn af slíku. Guðni Magnús sagði að reynslan frá öðrum löndum gerði það m.a. að verkum að menn vildu ekki taka þá áhættu að fá eldisfiska upp í laxveiðiár sem að blandaðist náttúrulegum fiski.

Tekið var kaffihlé eftir erindi gesta en fundi framhaldið um kl. 16.

2. Kynning arðskrárnefndar á vinnu við gerð arðskrár

Þorvaldur P. Hjarðar byrjaði á að fara yfir undirbúningsvinnu og forsendur fyrir útreikningum hjá arðskrárnefnd sem nú hefur skilað af sér drögum að arðskrá til stjórnar.

Forsendur við gerð arðskrárinnar eru eftirfarandi:

- Heildareiningafjöldi sé 10.000 einingar sem skiptist þannig:
 - Veiði 5000 einingar (lax 4000 einingar og silungur 1000 einingar)
 - Bakkalengd og vatn 3000 einingar (bakkalengd við Jöklu 2500 einingar og vatnsmagn hliðaráa 500 einingar)
 - Uppeldisskilyrði 2000 einingar en þær verða teknar inn seinna.Heildareiningafjöldi nú sé því 8000 einingar.

Mismunandi vægi svæða:

- Jökla frá Héraðsflóa að Gilsá hafi stuðul 1,0
- Jökla frá Gilsá að Hrafnkelsdalsá hafi stuðul 0,7
- Jökla ofan Hrafnkelsdalsá hafi stuðul 0,5

Nýtt voru gögn frá Landsvirkjun vegna bakkalengdarmælinga og vatnsmagns en einnig þurfti að mæla sérstaklega lengd fiskgengra hluta hliðaráa.

Uppsetning og útreikningar hafa verið unnir af Skarphéðni Smára Þórhallssyni - Logg landfræði & ráðgjöf.

Þorvaldur fór síðan aðeins yfir nokkrar jarðir til þess að sýna hvernig útreikningurinn væri framkvæmdur og mismunandi þættir hækkuðu einingafjölda á hverjum stað. Eitt af því sem kom skýrt fram var hve miklu skiptir að öll veiði sé skráð, bæði lax og silungur, og á rétta veiðistaði.

Umræður urðu um deildaskiptinguna og hvernig það flækti málin við arðskrárgerð Guðni Magnús sagði að ein leið væri að taka upp samþykktir Veiðifélags Jökulsár á Dal og setja inn í þær deildir, bæði Laxá og Kaldá. Sömuleiðis ætti þá arður af deildum að vera skilgreindur innan arðskrár Jöklu.

Aðalsteinn formaður fór nokkrum orðum um mikilvægi þess að veiðifélagið setti sér arðskrá. Hann sagði arðskrárnefnd hafa unnið gott starf og sagðist hafa rætt við nefndina um að halda áfram störfum. Skúli Björn kynnti síðan bókun sem stjórn lagði fyrir aðalfundinn:

Aðalfundur Veiðifélags Jökulsár á Dal haldinn 16. apríl 2016 í Brúarási lýsir yfir ánægju með vinnu arðskrárnefndar. Fundurinn felur nefndinni að kynna fyrirbyggjandi drög að arðskrá fyrir öllum veiðiréttarhöfum á næstu mánuðum með það að markmiði að leggja megi arðskrána til afgreiðslu fyrir félagsfund á haustmánuðum.

Fundarstjóri bar bókunina undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða.

3. Skýrsla kjörbréfanefndar um atkvæðisrétt á fundinum

Sama atkvæðaskrá gildi á fundinum og fyrri aðalfundum félagsins, alls 74 atkvæði. Benedikt Ólason var búinn að fara yfir umboð og mætingu. Hann kynnti niðurstöðu kjörbréfanefndar. Mættir á þennan aðalfund voru 28 manns með gestum og atkvæði teljast 37, þar af eru skrifleg umboð 25. Helmingur atkvæða í félaginu var því á fundinum, sjá nánar fylgiskjal 1.

Skrifleg umboð sem kjörbréfanefnd hafa borist eru sem hér segir:

Skúli Björn Gunnarsson	umboð frá landeiganda Litlabakka	1 atkv.
Aðalsteinn Jónsson	umboð frá eiganda Klaustursels	1 atkv.
Jón Helgason	umboð frá eigendum Skeggjastaða og Refshöfða	2 atkv.
Jón Björgvin Vernharðsson	umboð frá eigendum Teigasels (I og II)	1 atkv.
Gunnar Bender	umboð frá eigendum Gilja og Hróthamra	2 atkv.
	umboð frá eigendum Sleðbrjóts I og II	2 atkv.
	umboð frá eigendum Breiðumerkur I og II	2 atkv.
Bragi S. Björgvinsson	umboð frá eiganda Hákonarstaða I og III	2 atkv.
	umboð frá eiganda Langagerðis & Arnórsstaðasel	2 atkv.
Guðmundur Ólason	umboð frá eiganda Hrólfstaða	1 atkv.
Stefán H. Jónsson	umboð frá eiganda Hnefilsdals I og II	2 atkv.
Stefán Halldórsson	umboð frá eigendum Brúar I og II	1 atkv.
Vilhjálmur Snædal	umboð frá meðeiganda Skjöldólfsstaða I	1 atkv.
Arnór Benediktsson	umboð frá ábúanda Hvannár II	1 atkv.
Lárus Brynjar Dvalinsson	umboð frá eigendum Grundar	1 atkv.
Þorvaldur P. Hjarðar	umboð frá eigendum Hjarðarhaga og Laugarvalla	2 atkv.
	umboð frá eiganda Geirastaða II	1 atkv.

4. Skýrsla stjórnar

Aðalsteinn Jónsson formaður flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni síðastliðins starfsárs. Sjá nánar í fylgiskjal 2.

Aðalsteinn sýndi fundargestum einnig sýnishorn frá Jóni Björgvin Vernharðssyni að skiltum til að koma fyrir við veiðistaði. Skiltin eru unnin úr lerki og brennt í þau heiti veiðistaðar. Þeim er rennt í ramma úr ryðfríu stáli og auðvelt að safna þeim saman að hausti og koma fyrir að vori til að auka endinguna. Fundarmönnum leist vel á hönnunina. Stjórn stefnir að því að koma upp fyrstu skiltunum í vor.

5. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar

Dreift var ársreikningi félagsins en hann hefur verið undirritaður af skoðunarmönnum og stjórn. Þórarinn Hrafnkelsson gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningnum fyrir árið 2015. Helstu niðurstöðugtölur eru þessar:

Rekstrartekjur	2.931.467 kr.
Rekstrargjöld	1.267.426 kr.
Fjármagnsliðir	21.078 kr.
Hagnaður ársins	1.685.119 kr.

Eigið fé í árslok 7.625.370 kr.

6. Umræður um skýrslu og reikninga

Litlar umræður urðu um skýrslu stjórnar og reikninga. Fundarstjóri bar skýrslurnar og ársreikninginn undir fundinn. Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða. Ársreikningur var samþykktur samhljóða.

Að því loknum kynnti Skúli Björn tillögu stjórnar um endurskoðað leigugjald en stjórn endurskoðaði gjaldið eins og tilgreint var í samningi að ætti að gera fyrir árslok 2015. Næsta endurskoðun er 2018 en samningurinn við leigutaka gildir til 2021. Tillaga stjórnar er að endurskoðað leigugjald vegna Jöklu hækki úr 2,7 m.kr. í 3 m.kr. Er það 11% hækkun á grunnleigugjaldinu sem samið var um 2013. Það er vísitölubundið svo að full greiðsla sem tekur mið af nýtanlegum veiðidögum með tilliti til yfirfalls, verður um 3,3 m.kr. vegna 2016.

Fundarstjóri bar undir fundinn svohljóðandi tillögu stjórnar:

Að grunngjald leigusamnings frá 2013 hækki úr 2.700.000 kr. í 3.000.000 kr. eða um 11%.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

7. Fjárhagsáætlun næsta árs

Skúli Björn gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og fór yfir helstu skýringar á bak við hana, sjá fylgiskjal 3.

Helstu tölur úr fjárhagsáætlun eru:

Tekjur	3.200.000
Gjöld	3.850.000
Halli ársins	-650.000

Handbært fé í árslok kr. 6.975.370

Fjárhagsáætlun samþykkt samhljóða.

8. Kosningar:

a. Kosning formanns til 3ja ára

Aðalsteinn Jónsson gaf kost á sér í embætti formanns til næstu þriggja ára. Fundarstjóri lýsti eftir öðrum framboðum en þau voru engin. Aðalsteinn klappaður inn í embætti.

b. Kosning 3ja varamanna til eins árs

Gestur Hallgrímsson, Benedikt Arnórsson og Benedikt Ólason voru kosnir á síðasta aðalfundi og gefa þeir allir kost á sér áfram. Ekki komu fleiri framboð til varamanns og þessir þrír því sjálfkjörnir sem fyrsti, annar og þriðji varamaður.

c. Kosning 2ja skoðunarmanna og varaskoðunarmanns til eins árs

Arnór Benediktsson og Jón Helgason kjörnir aðalskoðunarmenn áfram og Snæbjörn Ólason til vara.

d. Kosning kjörbréfanefndar. Þrír aðalmenn og tveir til vara.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir áfram: Hlíðar Eiríksson, Benedikt Ólason og Þorsteinn Gústafsson. Benedikt Arnórsson og Hallgrímur Þórhallsson kosnir til vara.

e. Kosning arðskrárnefndar. Fimm fulltrúar og tveir til vara.

Í arðskrárnefnd voru kosnir áfram: Þorvaldur Pálsson, Lárus Dvalinsson, Gestur Hallgrímsson, Hallgrímur Þórhallsson og Þorsteinn Gústafsson. Ekki kosnir varamenn þar sem aðalfundurinn taldi ekki þörf á því.

9. Önnur mál

a. Þröstur Elliðason tók til máls og sagðist eiga afmæli í dag og hann væri með afmælisgjöf frá sér til fundarmanna, bunka af Stangveiðiblaðinu sem í væri m.a. grein um Jöklu II. Fundarmenn óskuðu þresti til hamingju með afmælið og klöppuðu fyrir afmælisbarninu.

b. Skúli Björn kynnti heimasíðu veiðifélagsins sem hann hefur sett upp undir slóðinni **www.jokla.org**. Inní á henni má finna samþykktir, upplýsingar um stjórn og nefndir, fundargerðir, myndir, veiðikort, rannsóknarskýrslur og veiðitölur. Heimasíðan er hugsuð sem upplýsingagátt fyrir félagsmenn og aðra þá sem hafa áhuga á að kynna sér veiðisvæðið. Þó að settar verði inn á síðuna reglulega fréttir af veiði og öðru þá er áfram gert ráð fyrir að gefa út fréttabréf einu sinni á ári.

Skúli Björn endaði á að nefna það að arður af veiði væri ekki hið eina sem félagsmenn gætu haft arð af. Við eldri ár væri alþekkt að ungmenni fengjust við veiðileiðsögn og hefðu af því tekjur. Að því þyrfti að huga við Jöklu og kynna veiðimennskuna fyrir ungdómnum.

Ekki voru rædd fleiri önnur mál og fundarstjóri gaf nýkjörnum formanni orðið. Aðalsteinn þakkaði traustið fyrir að vera treyst fyrir formennskunni áfram. Hann þakkaði fundarstjóra einnig fyrir röggsama fundarstjórn. Fundarstjóra og fundarritara falið að ganga frá fundargerð. Aðalsteinn sleit fundi að því búnu.

Fundi slitið kl. 17.20.

Jón Guðmundsson fundarstjóri

Skúli Björn Gunnarsson fundarritari

Skrá yfir atkvæði í Veiðifélagi Jökulsár á Dal á aðalfundi 16. apríl 2016

1. Blöndugerði	Ábúandi	
2. Blöndubakki	Ábúandi	Gestur Hallgrímsson
3. Stóribakki	Landeigandi	
4. Árbakki	Landeigandi	
5. Litli Bakki	Landeigandi	Skúli Björn Gunnarsson umboð
6. Hrærekslækur	Landeigandi	
7. Galtastaðir ytri	Samningur eig.	
8. Geirastaðir II	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
9. Húsey I	Ábúandi	
10. Húsey II	Ábúandi	
11. Valþjófsstaðir	Ábúandi	
12. Aðalból	Ábúendur	
13. Vaðbrekka	Landeigandi	Aðalsteinn Aðalsteinsson
14. Skriðuklaustur	Ábúandi	Hallgrímur Þórhallsson
15. Klaustursel	Landeigandi	Aðalsteinn Jónsson umboð
16. Arnarhóll	Ábúandi	
17. Merki	Ábúandi	
18. Arnórsstaðapartur	Landeigandi	
19. Gauksstaðir	Landeigandi	Benedikt Ólason
20. Mælivellir	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
21. Skuggahlíð	Landeigandi	Sigurður H. Jónsson
22. Hnefilsdalur	Landeigandi	Stefán Jónsson umboð
23. Hnefilsdalur II	Landeigandi	Stefán Jónsson umboð
24. Smáragrund	Landeigandi	
25. Skeggjastaðir	Landeigendur	Jón Helgason umboð
26. Refshöfði	Landeigandi	Jón Helgason umboð
27. Teigasel	Teigasel I og II	Jón Björgvin Vernharðsson umboð
28. Gil	Landeigandi	Gunnar Bender umboð
29. Hrúthamrar	Landeigandi	Gunnar Bender umboð
30. Hauksstaðir	Landeigandi	Snæbjörn Ólason
31. Hrólfsstaðir	Samningur eig.	Guðmundur Ólason umboð
32. Hvanná I	Landeigandi	Jón Víðir Jónsson
33. Hvanná II	Ábúandi	Arnór Benediktsson umboð
34. Hvanná III	Landeigandi	Jón Víðir Jónsson
35. Hofteigur	Ábúandi	Benedikt Agnarsson
36. Hjarðargrund	Landeigandi	
37. Hjarðarhagi	Landeigandi	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
38. Skjöldólfsstaðir I	Landeigandi	Vilhjálmur Snædal umboð
39. Skjöldólfsstaðir II	Landeigandi	
40. Gilsá	Landeigandi	
41. Arnórsstaðir	Landeigandi	
42. Arnórsstaðasel	Landeigandi	Bragi S. Björgvinsson umboð
43. Langagerði	Landeigandi	Bragi S. Björgvinsson umboð
44. Hákonarstaðir I	Landeigandi	Bragi S. Björgvinsson umboð
45. Hákonarstaðir II	Landeigandi	
46. Hákonarstaðir III	Landeigandi	Bragi S. Björgvinsson umboð
47. Breiðilækur	Landeigandi	
48. Grund	Samningur 3 eig.	Lárus Brynjar Dvalinsson umboð
49. Eiríksstaðir	Ábúandi	Bragi S. Björgvinsson
50. Brú	Landeigandi	Stefán Halldórsson umboð

51. Laugavellir	<i>Landeigandi</i>	Þorvaldur P. Hjarðar umboð
52. Eyjasel	<i>Landeigandi</i>	
53. Hólmátunga	<i>Landeigandi</i>	
54. Torfastaðir	<i>Landeigandi</i>	
55. Árteigur	<i>Landeigandi</i>	
56. Hnitbjörg	<i>Landeigandi</i>	
57. Hlíðargarður/Bláeyri	<i>Landeigandi</i>	
58. Hlíðarhús	<i>Ábúandi</i>	
59. Sleðbrjótssel	<i>Landeigendur</i>	
60. Másel	<i>Landeigandi</i>	
61. Sleðbrjótur I	<i>Landeigandi</i>	Gunnar Bender umboð
62. Sleðbrjótur II	<i>Landeigandi</i>	Gunnar Bender umboð
63. Breiðamörk I	<i>Landeigandi</i>	Gunnar Bender umboð
64. Breiðamörk II	<i>Landeigandi</i>	Gunnar Bender umboð
65. Surtsstaðir	<i>Landeigandi</i>	
66. Hallgeirsstaðir	<i>Landeigandi</i>	
67. Vörðubrún	<i>Landeigandi</i>	Lárus Brynjar Dvalinsson
68. Hrafnabjörg I	<i>Landeigandi</i>	
69. Hrafnabjörg II	<i>Landeigandi</i>	
70. Hrafnabjörg III	<i>Landeigandi</i>	
71. Hrafnabjörg IV	<i>Landeigandi</i>	
72. Fossvellir I	<i>Ábúandi</i>	
73. Fossvellir II	<i>Landeigandi</i>	
74. Selland	<i>Landeigandi</i>	

Skýrsla stjórnar Veiðifélags Jökulsár á Dal til aðalfundar 2016

Þegar horft er til ársins 2015 eru helstu minningar kalt vor og sumar. Jökulsá sannaði enn hversu óútreiknanleg hún er. Kalt leysingavatn langt fram í júlí, þar af leiðandi var fiskigengd síðbúin og göngur fóru hægar en verið hefur. Lítið veiddist á svæði tvö fyrr en undir mánaðamót júlí ágúst. Aftur á móti var ekki yfirfall nema nokkra daga í október.

Að málefnum stjórnar. Stjórn hélt sex bókaða fundi. Eftirfarandi verkaskipting er hjá stjórn. Aðalsteinn formaður, Skúli Björn ritari, gegnir jafnframt stöðu varaformanns, Þórarinn gjaldkeri síðan Bragi og Vilhjálmur meðstjórnendur. Gestur Jens Hallgrímsson fyrsti varamaður hefur verið boðaður á alla stjórnarfundum og setið þá flesta.

Helstu mál sem hafa verið á höndum stjórnar verða rakin hér á eftir.

1. Sameiginlegur fundur með Landsvirkjun og Veiðimálastofnun í Fljótsdalsstöð 27. maí

Formaður og ritari mættu fyrir hönd Veiðifélagsins. Guðni Guðbergsson gerði grein fyrir þeim árangri sem hefur náðs í uppbyggingu fiskistofna á Jöklu og hliðarám hennar. 2016 er síðasta ár rannsókna samkvæmt því fimm ára plani sem lagt var upp með. Samþykkt var að þegar niðurstöður lægju fyrir eftir þessi fimm ár, yrði farið yfir þann árangur sem orðið hefur og framhald verkefnisins metið.

2. Efnistaka úr Jökulsáreyrum

Vegagerðin sendi til Veiðifélagsins erindi um efnisnám úr eyrunum undan Blöndubakka, Árbakka, eða Stórabakka. Var farið í vettvangsferð og aðstæður metnar, ekki talið ásættanlegt að taka meira úr eyrinni neðan við Blöndubakka þar sem hætta væri á að áin breytti farvegi sínum væri tekið meira efni þar. Tekið var síðan úr eyrinni neðan Árbakka nærri 10.000 rúmmetrar. Þar er náma sem búið er að taka töluvert úr og er fjarri núverandi rennsli árinna.

3. Aðalfundur LSV

Aðalfundur Landsambands veiðifélaga var haldinn á Breiðdalsvík 12. og 13. júní. Formaður og ritari sátu fundinn fyrir Veiðifélagið, þar sem fundurinn var á Austurlandi tók okkar félag þátt í sameiginlegum kostnaði við fundinn, en kostnaðinum er deilt milli veiðifélaga eftir ákveðinni reglu. Þannig greiða veiðifélög ánná í Vopnafirði stærstan hluta kostnaðarins. Á landsfundinum hætti Óðinn Sigþórsson formennsku eftir margra ára starf, í hans stað var Jón Helgi Björnsson kjörinn formaður.

4. Fréttabréf

Gefið var út eitt fréttabréf á starfsárinu í júní þar farið var yfir helstu mál er snerta félagið og veiðiréttarhafa.

5. Teljari við Steinboga

Áform voru uppi að koma niður teljara við í fiskveginn við Steinboga. Þar kom Jökla okkur á óvart því aðeins voru örfáir dagar þar sem Steinboginn var ekki á kafi. Þá var það langt liðið á sumar að tilgangslaust var að huga að slíkum framkvæmdum, enda farið að veiðast í töluverðum mæli þar fyrir ofan.

6. Merkingar veiðistaða

Gerð hafa verið nokkuð mörg merki sem unglingar úr vinnuflokki Landsvirkjunar máluðu á. Var litið á að þau væru aðeins til bráðabirgða. Rætt hefur verið við Jón og Lindu í Teigaselum um gerð varanlegra merkja, verður vonandi sýnishorn hér á fundinum af slíku merki. Er hugmyndin að þau verði tekin niður yfir veturinn og geymd inni. Þannig ætti ending þeirra að margfaldast.

7. Stígar að veiðistöðum og slóðir

Unglingavinnuflokkur Landsvirkjunar vann að gerð stíga og lagfæringum stíga að nokkrum veiðistöðum til að auðvelda veiðimönnum aðkomu. Þá löguðu landeigendur á nokkrum stöðum slóðir að veiðistöðum.

8. Minkaveiði við Jökulsá og hliðarár

Samþykkt hefur verið að ganga til samninga við Kjartan Sigurðsson um veiðar minka. Ákveðin greiðsla pr mánuð og 3.000 kr. á hvern veiddan mink frá Veiðifélaginu. Sveitarfélagið greiðir 7.000 kr. á veiddan mink og er farið fram á að sveitarfélagið greiði helming mánaðarlauna.

9. Könnun á efsta hluta árinna

Farið var nokkuð skipulega og leitað eftir laxi á svæðinu frá Arnórsstöðum og uppí Brú. Ekki varð vart veiði á því svæði síðasta sumar. Efstu laxar sem sést hafa voru við Merkisbrú 2014.

10. Kortagerð

Kortlagning veiðistaða hefur verið unnin af Hauki Guðmundssyni og var í upphafi kostuð af Strengjum. Var samþykkt að Veiðifélagið keypti þennan kortagrunn af Strengjum og hefði umsjón með áframhaldandi kortavinnu. Taldi stjórn nauðsynlegt að við ættum kortin, þar sem eigendaskipti geta orðið af félagi leigutaka og þegar fram líða stundir gæti komið nýr aðili að ánni. Greiddi félagið því áfallinn kostnað við kortagerðina og fékk staðfestingu á að við ættum þar með kortin og grunninn.

11. Veiðitölur

Á fundi með stjórn 30. sept. eða síðasta veiðidag árinna gerði Þróstur Elliðason grein fyrir veiði sumarsins. 731 laxar komu á land úr Jöklu og hliðarám, er það meira en tvöföldun frá fyrri árum. Mest veiddist við Hólaflúð eða alls 211 laxar. Margt bendir til að þar sé eitthvað sem tefur göngu, þó virðist það fara eftir því hversu mikið vatn er í ánni og vatnshita. Heildarslepping seiða var um 96.000 stk og mest af þeim sumaralin seyði eða 1 árs, hefur komið í ljós að betri heimtur eru af sumaröldum seiðum en þeim sem eldri og stærri eru.

12. Arðskrá

Vinna arðskrárnefndar hefur verið kynnt stjórn eftir því sem verkið hefur gengið. Er sérstök kynning á vinnu nefndarinnar og hvernig hún leggur til að skipting tekna verði af ánni. Minnt er einnig á að ef Veiðifélagið lendir í fjárhagslegum erfiðleikum einhverra hluta vegna skiptist kostnaður eftir arðskrárhlutföllum.

13. Endurskoðun leigugjalds

Samkvæmt leigusamningi við Strengi bar að endurskoða leigugjald fyrir árslok 2015. Ekki hefur gengið sem skyldi að selja veiðileyfi í ána og jafnframt hefur verið mikil kostnaður við seiði. Í ljósi þess var gerð tillaga um 11% hækkun grunnleigugjalds, úr 2,7 millj. kr. í 3,0 millj. kr. á ári.

14. Stofnfundur veiðifélags

Boðað var til stofnfundar annars veiðifélags neðan Steinboga. Á þessum fundi var stofnað hagsmunafélag veiðiréttarhafa á þessu svæði. Vonast stjórn Veiðifélags Jökulsár á Dal eftir því að eiga gott samstarf við þá veiðiréttarhafa sem að þessu hagsmunafélagi standa en hvetur jafnframt til þess að allir veiðiréttarhafar vinni sem mest að sínum hagsmunum innan hins lögformlega veiðifélags.

15. Heimasíða

Heimasíða hefur verið stofnuð fyrir veiðifélagið og er ætlunin að miðla fréttum og fróðleik til félagsmanna gegnum hana. Hefur ritari haft veg og vanda af gerð síðunnar.

Hér á undan hef ég dregið á margt af því sem á borð stjórnar hefur rekið á starfsárinu. Vil ég nota tækifærið og þakka öllum sem lagt hafa okkur lið. Þar eru fremst í flokki Landsvirkjun með fjármögnun á rannsóknum á lífríki árinna og einnig að lána okkur unglingavinnuflokk í verkefni við stígagerð og merkingar. Svo og Veiðimálastofnun fyrir rannsóknir og góð ráð varðandi það sem snýr að uppbyggingu árinna. Landeigendum og stjórn þakka ég umburðarlyndi við þau verkefni sem verið hafa á dagskrá.

Aðalsteinn Jónsson formaður

Veiðifélag Jökulsár á Dal fjárhagsáætlun fyrir árið 2016

lögð fyrir aðalfund 16. apríl 2016

Eigið fé í ársbyrjun **7.625.370 kr**

Tekjur:

Leigutekjur 3.000.000 kr
Aðrar tekjur 200.000 kr

Tekjur alls 3.200.000 kr

Lokafjárhæð ræðst af dagafjölda/yfirfalli
Sótt var um styrk í Fiskræktarsjóð v. veiðivega

Gjöld:

Fundakostnaður 200.000 kr
Bókhald og
lögfræðipjónusta 150.000 kr

Arðskrárgerð

Sérfræðipjónusta 1.800.000 kr
Annar kostnaður 200.000 kr

Útgáfa og framkvæmdir

Veiðikort 200.000 kr
Merkingar veiðistaða 700.000 kr
Veiðivegir og stígar 200.000 kr

Annar kostnaður 400.000 kr

Gjöld alls 3.850.000 kr

Félags- og stjórnarfundir, aðalfundur LSV

Ársreikningsgerð o.fl.

Aðkeypt vinna v. arðskrár

Útlagður kostn. s.s. akstur v. arðskrárvinnu

Vinnsla, birting, prentun

Nýjum skiltum komið fyrir á ca 20 stöðum

Lagfæringar og betrubætur

Heimasíða, fréttabréf, burðargjöld, árgjald LSV o.fl.

Rekstrarhalli -650.000 kr

Eigið fé í árslok **6.975.370 kr**